

Mál nr. 394/2015
M og
vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B.

Árekstur á Suðurlandsbraut 29. júní 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13. október 2015 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 5. nóvember 2015.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning frá Aðstoð&Öryggi um árekstur milli bifreiða A og B á Suðurlandsbraut. Þar kemur fram að ökumaður bifreiðar A (M) segist hafa ekið frá Faxafeni inn á Suðurlandsbraut og hafi bifreið B þá komið á mikilli ferð og ekið á bifreið hennar. Ökumaður bifreiðar B segist í sömu skýrslu hafa ekið á vinstri akrein Suðurlandsbrautar þegar bifreið A hafi komið gegn biðskyldu frá Faxafeni og ekið í vinstri hlið bifreiðar B.

M telur að bifreið B hafi verið ekið allt of hratt og að hún, sem ökumaður bifreiðar A, hafi verið búin að virða biðskyldu og verið búin að aka í nokkra stund á Suðurlandsbraut þegar árekstur varð.

V gerir ekki sérstakar athugasemdir varðandi sakarskiptingu.

Álit.

Í tjónstilkynningu kemur fram að áður en árekstur varð hafi ökumaður bifreiðar A (M) ekið frá Faxafeni inn á Suðurlandsbraut, en einnig kemur fram að þar sé biðskylda fyrir umferð sem kemur frá Faxafeni. Bar M því að veita umferð um Suðurlandsbraut forgang, en bifreið B var ekið um Suðurlandsbraut. M heldur því fram að hún hafi ekið nokkra stund á Suðurlandsbraut þegar árekstur varð. Vegna varúðarskyldu hennar vegna biðskyldunnar verður að leggja sönnunarbyrði á M, sem ökumann bifreiðar A, að hafa verið búin að virða biðskyldu þegar árekstur varð. Framburður ökumanns bifreiðar B er hins vegar nokkuð skýr um að bifreið A hafi verið ekið af biðskyldu og rakið á bifreið B. Með hliðsjón af ofangreindri sönnunarstöðu telst M ekki hafa getað sýnt fram á að hún hafi virt biðskyldu gagnvart umferð um Suðurlandsbraut. Áreksturinn telst því hafa orðið vegna þess og ber M, sem ökumaður bifreiðar A því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 1. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.